

Mosfellsbær
Þverholti 2
270Mosfellsbær

Reykjavík, 29. febrúar 2024
UST202402-429/I.M.B.
09.04.03

Beiðni um tilnefningu í samstarfshóp - viðbót við stjórnunar- og verndaráætlun Álafoss

Náttúruvættið Álafoss og nánasta umhverfi hans var [friðlýst](#) 25. apríl 2013 samkvæmt þágildandi lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. [Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið](#) tók gildi 7. október 2020 í samræmi við ákvæði 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Þann 13. september 2023 sótti Mosfellsbær um leyfi til framkvæmda í Álanesskógi til Umhverfisstofnunar skv. 10. gr. auglýsingar um friðlýsingu svæðisins. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun, sbr. 10. gr. ofangreindrar auglýsingar um friðlýsingu náttúruvættisins. Stjórnunar- og verndaráætlun Álafoss fjallar ekki um Álanesskóg og skipulag fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum hefur ekki verið unnið. Þar sem þær áætlanir sem þurfa að liggja til grundvallar leyfisveitingar framkvæmda, þ.e. skiplagsáætlun og umfjöllun um Álanesskóg í stjórnunar- og verndaráætlun, eru ekki fyrir hendi skortir Umhverfisstofnun heimild til að veita leyfi fyrir þeim framkvæmdum sem sótt var um leyfi fyrir.

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er lögð áhersla á samráð og samstarf við hagsmunaaðila og í samstarfshópi um gerð áætlanna eru að jafnaði fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landeigenda og annarra ef þörf er talin á. Helsta hlutverk samstarfshópsins er m.a. að koma miðla upplýsingum áfram til baklandsins, funda reglulega um gerð áætlunarinnar, koma með ábendingar og athugasemdir í ferlinu og lesa yfir drög fyrir kynningarferli.

Umhverfisstofnun óskar hér með að Mosfellsbær tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð viðbótar við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Álafoss. Þegar tilnefning hefur borist mun Umhverfisstofnun boða til fundar.

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg M. Bjarnadóttir og René Biasone, sérfræðingar hjá Umhverfisstofnun, í síma 591 2000 eða í gegnum netföngin ingibjorgb@umhverfisstofnun.is og rene.biasone@umhverfisstofnun.is. Vinsamlegast sendið tilnefningu í síðasta lagi þriðjudaginn **13. mars 2024** á netfangið ingibjorgb@umhverfisstofnun.is.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur